

REGLUGERÐ

um félagsmála- og upplýsingadeild Tryggingastofnunar ríkisins.

1. gr.

Við Tryggingastofnun ríkisins skal starfa deild er annist velferðarmál aldradra og annarra bótaþega almannatrygginga og sjái um kynninga- og upplýsingaþjónustu á vegum Tryggingastofnunarinnar, allt samkvæmt því sem ákveðið er í þessari reglugerð.

2. gr.

Nafn deildarinnar skal vera félagsmála- og upplýsingadeild Tryggingastofnunar ríkisins.

3. gr.

Verkefni deildarinnar eru:

1. Að standa fyrir rannsóknum á þeim vandamálum er aldraðir og öryrkjar hafa sérstaklega við að stríða, svo sem fjárhagsafkomu þeirra, atvinnumálum, hús-næðismálum og vistunarmálum yfirleitt hvort heldur er á sjúkrahúsum, hjúkr-unarheimilum eða dvalarheimilum.
2. Að gera tillögur um lausn þeirra vandamála er í ljós koma við athuganir deildarinnar til Tryggingastofnunar ríkisins, viðkomandi ráðuneyta, sveitarféлага eða annarra aðila, sem talið er að gætu unnið að lausn þeirra.
3. Að örva og styðja hvers konar félagsstarfsemi fyrir aldrada og öryrkja og hafa að þessu leyti samvinnu við stofnanir sveitarfélaga eða félagasamtaka sem að þessum málum vinna.
4. Að fylgjast með þróun og nútíðar viðhorfum vandamála aldradra og öryrkja í nágrannalöndum og kynna þau mál heima fyrir.
5. Að annast upplýsingastarfsemi og útgáfu leiðbeiningarrita fyrir bótaþega Tryggingastofnunar ríkisins og aðra um bótakerfi Tryggingastofnunarinnar og rétt einstaklinganna í kerfinu.
6. Að vinna með öðrum tiltækum ráðum að lausn þeirra vandamála er aldraðir og öryrkjar hafa við að stríða.

4. gr.

Félagsmála- og upplýsingadeild starfar sem sérstök deild innan lífeyristrygginga Tryggingastofnunar ríkisins undir stjórn sérstaks deildarstjóra er ráðherra skipar samkv. 3. gr. laga nr. 67/1971. Allur kostnaður er af starfsemi deildarinnar leiðir greiðist á sama hátt og annar kostnaður lífeyristrygginga.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. heimild í 79. gr. laga nr. 67/1971 og öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. nóvember 1972.

Magnús Kjartansson.

Jón Ingimarsson.